

2. Fundur

Mánudaginn 25. apríl 2022 kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna 3. hæðar suður og hófst hann kl. 18:30.

Mættir voru: Agnes Reykdal, Anna María Elíasdóttir, Claudia Lobindzus, Eiður Stefánsson, Eydís Bjarnadóttir, Halldór Óli Kjartansson, Helgi Sveinbjörn Jóhannsson, Hulda Björnsdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, María Rut Dýrfjörð og Stefanía Árdís Árnadóttir.

Dagskrá:

1. Gallup könnun.
Íris Björg Birgisdóttir og Tómas Bjarnason frá Gallup voru í fjarfundi og fóru yfir niðurstöðurnar úr skoðanakönnuninni sem lögð var fyrir félagsmenn FVSA. Umræður og vangaveltur um spurningar og svör. Mikil ánægja er meðal félagsmanna með þjónustu félagsins.
2. Drög að kröfugerð FVSA.
Farið var yfir vinnutillögur fyrir fund sem haldinn verður miðvikudaginn, 27. apríl, með trúnaðarráði og trúnaðarmönnum. Samþykkt var að vinna vinnuna í hópavinnu.
3. Húsnæðismál fyrir flóttafólk.
Búið var að taka frá eina íbúð fyrir flóttafólk. Ákveðið var að opna fyrir bókanir félagsmanna á íbúðinni þar sem engin svör hafa fengist frá stjórnvöldum. Tekin verður frekari afstaða síðar.
4. Önnur mál.
 1. maí – farið yfir dagskrá.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.